



# Ársskýrsla 2015

---

## Efnisyfirlit:

Yfirlit ársins.....	1
Helstu lykiltölur 2015: .....	2
Gróðursetningar og aðrar framkvæmdir.....	3
Rannsóknarverkefni.....	4
Úttektir og árangursmat:.....	4
Gæðaúttekt .....	4
Árangursmat.....	5
Úttekt í Skápadal í Patreksfirði .....	6
Fræðsla, fundir og ráðstefnur.....	7
Fræðflun. ....	9
Skógar á Vestfjörðum .....	10

## Yfirlit ársins.

Árið 2015 var hagstætt til skógræktar þótt ekki voraði snemma. Gróðursetningar fóru því óvenju seint af stað en lauk engu að síður upp úr mánaðarmótum júní-júlí. Veturinn 2014-2015 var nokkuð snjóbungur víða og talsvert um snjóbrot og ísingarskemmdir á láglandi. Allmikið tjón varð hjá tveimur plöntuframleiðendum af óútskýrðum orsökum og um vorið vantaði 20.000 plöntur upp á umsamin

plöntukaup fyrir bændur samkvæmt samningum en það tókst að fá plöntur á markaði nokkurn veginn upp í áætlun sumarsins. Tjón varð á gróðursetningum á tveimur jörðum á árinu, annars vegar vegna nýrrar hitaveitulagnar um jörðina Litla-Laugardal í Tálknafirði (0,9 ha) og hins vegar vegna gróðurelds sem kviknaði út frá raflínustaur á jörðinni Birnustöðum í Ísafjarðardjúpi (2,2 ha) Í báðum tilfellum var krafist bóta fyrir tjón á trjágróðri og hafði Tálknafjarðarhreppur gert upp sín mál fyrir áramót. Samtals var bótakrafa vegna þessa kr. 626 þúsund og þegar er búið að endurplanta í Litla-Laugardal.

Fé til reksturs Skjólskóga á fjárlögum 2015 var 41,9 milljónir en einnig lagði ríkið til aukalega 1,2 miljónir til aukningar á skógrækt. Þetta fjármagn að viðbættum bótakröfum gaf 44.355.399 kr. til reksturs á árinu en hann varð hins vegar 625 þúsund kr. hærri. Verkefni Skjólskóga voru að mestu hefðbundin en sérstök áhersla var lögð á áburðargjöf á eldri gróðursetningar að þessu sinni.

Ekki var lokið við fyrirhugaðar skipulagsbreytingum hjá landshlutaverkefnum á árinu en vinna fór þó á fullt skrið frá og með júlí að undirbúningi samruna allra skógræktarverkefna á vegum ríkisins og stefnt að sameiningu um mitt ár 2016.

## Helstu lykiltölur 2015:

Nokkrar lykiltölur Skjólskóga 2008-2015


	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Fjöldi samningsjarða	46	46	52	52	52	53	57	57
Flatarmál samningslands (ha)	2710	2710	2970	2970	2970	3017	3206	3253
Fjöldi jarða sem eru að planta	30	31	34	34	24	17	21	32
Fjöldi skjólbeltaræktenda	0	1	2	2	2	0	1	2
Lengd ræktaðra skjólbelta	0	0,5	2,5	1,5	0,5	0	1	3
Árleg gróðursetning (plöntur)	289.366	313.225	230.833	311.833	209.573	209.943	191.350	191.590
Kostnaður pr. plöntu (gjöld/plöntufj.)	163,0	157,4	204,6	144,7	170,4	190,1	214,4	231,5
Grisjaðir hektarar	0	0	0	0	0	0,5	0	0
Ársverk	2,8	2,6	2,6	2,0	1,8	2,4	2,4	2,4

Lykiltölur úr ársreikningi	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Heildarfjárveiting	52.000.000	46.100.000	43.700.000	40.400.000	40.000.000	40.000.000	40.900.000	41.900.000
Heildargjöld	47.173.181	49.310.007	47.231.929	45.121.305	35.714.838	39.908.923	41.026.116	44.355.399
Laun og launatengd gjöld	15.909.119	16.164.787	17.280.994	14.013.346	12.860.489	17.405.830	18.911.699	20.180.164
Starfstengdur kostnaður	2.467.632	3.526.382	2.501.452	1.556.718	1.614.494	1.402.149	1.355.624	3.256.300
Aðkeypt þjónusta og húsnæði	1.357.256	1.046.423	1.643.756	1.339.152	1.267.480	1.101.469	1.325.791	1.409.854
Framlög til skógarbænda	22.622.000	23.447.835	23.018.483	25.764.664	18.084.168	17.495.277	17.561.915	17.435.773
Annar rekstrarkostnaður	4.500.929	5.124.580	637.244	2.449.241	1.890.265	2.004.599	1.871.087	1.713.436
Eignakaup	316.245	0	2.150.000	0	0	499.599	0	985.000
Sértekjur	455.000	3.592.842	167.479	1.626.073	2.058	651.855	290.188	1.830.271
Hagnaður/ tap (-)	4.826.819	382.835	-3.531.929	-2.884.601	4.287.220	742.932	164.072	-625.128

## Gróðursetningar og aðrar framkvæmdir.

Gróðursetning 2015	Fjöldi
Ilmbjörk	75.200
Sitkagreni/S.bast.	10.056
Rússalerki	33.913
Stafafura	20.880
Bergfura	3.280
Lindifura	1.868
Hengibörk	1.152
Alaskaösp	23.170
Reyniviður	3.010
Gráelri	840
Græn /Sitkaelri	1.000
Gulvíðir/strandavíðir	3.570
Loðvíðir	1.085
Ýmsar tegundir	8.566
Hvítgreni	3.000
Blágreni	1.000

Alls voru gróðursettar 191.590 skógarplöntur árið 2015 sem er sama magn og árið áður.



Bein framlög til skógræktar hjá samningsbundnum skógarbændum námu alls 17,4 milljónir kr. á mótí 17,6 milljón kr. árið 2014.

Frá því síðast var greint hafa verið gerðir samningar um skógrækt í Holtsfit á Barðaströnd (12,3 ha) Skriðnafell í sömu sveit (37,2 ha), Kollafjarðarnes í Strandabyggð (51,6 ha), Framnes í Bjarnarfirði (12,3 ha) og Bakka í Brekkudal Dýrafirði (167 ha). Endurnýjaðir voru samningar (með breytingum) í Litla-Laugardal í Tálknafirði og Ármúla á Langadalströnd.



10-12 ára skógrækt í Höfðadal í Tálknafirði

## Rannsóknarverkefni

Tvær kvæma samanburðarrannsóknir hafa verið settar út árin 2014 og 2015. Árið 2014 var sett út rannsókn á stafafurukvæmum, annars vegar nokkur þekkt kvæmi úr stafafururæktun undanfarinna áratuga hérlendis og 5 kvæmi kynbættar stafafuru frá Svíþjóð. Í tilraunina fóru einnig 5 kvæmi kynbættar skógarfuru. Tilraunin er staðsett í Lyngholti í Dýrafirði.

Tilraun með nokkur kvæmi innlendrar bjarkar og annara bjarka var sett út sumarið 2015 í Holtsfit á Barðaströnd. Þarna eru fimm finnsk frægarðs kvæmi hengibjarkar, fimm norsk frægarðskvæmi sömu tegundar, þrjú íslensk bjarkarkvæmi og tvö pappírshengibjarkarkvæmi frá Alaska. Þetta eru hvort tveggja svokallaðar blokkartilraunir með átta endurtekningum. Plönturnar verða skoðaðar og mældar á fyrsta, öðru og fimmta hausti.



Tv. furukvæmatilraun í Lyngholti í Dýrafirði og th. er birkikvæmatilraun í Holtsfit á Barðaströnd

## Úttektir og árangursmat:

Frá því að starf skjólskóga hófst hefur starfsfólk farið um nýgróðursetningar hvers árs og tekið út hvernig gróðursetning hefur verið unnin og í framhaldinu sett út á þar sem gróðursetning hefur ekki verið rétt unnin og jafnvel hrósað því sem vel hefur verið gert. Heildarúttektir hafa svo verið unnar á jörðum um það bil 5 árum eftir lok gróðursetningar, þegar afföll eru að mestu komin fram. Í reglugerð um landshlutaverkefni 285/2015 eru tvær greinar, nr. 9 og 10, um samræmt eftirlit á gróðursetningum, gæðaúttekt og árangursmat nýgróðursetninga.

## Gæðaúttekt

Með gæðaúttekt skal „meta gróðursetningar að framkvæmdum loknum samkvæmt samræmdu gæðaeftirlitskerfi landshlutaverkefnanna. Við gæðaúttekt skal mat lagt á hvort staðið hafi verið með fullnægjandi hætti að framkvæmdum með hliðsjón af þeim markmiðum sem sett voru fram í ræktunaráætlun“

Gæðaúttektir er unnin í sameiningu af starfsmanni og skógarbónda, sé það mögulegt, þannig sér skógarbóndi út á hvaða atriði er sett og getur þá lært og leiðrétt í framhaldinu. Bændur fengu einnig send bréf þar sem farið var yfir úttektina og farið yfir þær athugasemdir sem gerðar voru.

Á hverri jörð eru að lágmarki skoðaðir þrjú 50 m<sup>2</sup> hringlaga mælifletir sem valdir eru þannig að þeir lýsi heildar gróðursetningunni sem best. Tekið er GPS hnit í miðju hvers mæliflatar og skráðar niður upplýsingar um allar plöntur sem þar finnast (sjá töflu á næstu síðu).



## Úttekt í Skápadal í Patreksfirði



Aðeins var farið í eina langtímaúttekt á árinu 2015, í Skápadal í Patreksfirði. Um er að ræða 20 hektara skógræktarsvæði yst í norðanverðum dalnum þar sem gróðursett var á árunum 2003-2010. Allir 3 starfsmenn Skjólskógar sáu um úttektina þann 22. október. Skoðaðir voru 65 fletir sem hver um sig er 100 fermetra og skráð samkvæmt venju fjöldi trjáa, tegundir, hæð og ástand. Nánar um langtímaúttektir Skjólskóga vinnulag og áherslur eru í [ársskýrslu Skjólskóga 2014](#):

### Niðurstöður.



Nú, eftir 12 ár og þegar 5 ár eru frá síðustu gróðursetningu eru 72% lifandi af því sem hefur verið gróðursett á svæðinu. Skilyrði eru samt mjög mismunandi á milli reita þar sem meira er lifandi og vöxtur betri eftir því sem innar kemur í dalinn. Yfir 80% af greni, furu, lerki og ösp eru lifandi, en meiri afföll eru af öðrum tegundum, þar á meðal elri þar sem aðeins 50% er lifandi. Það vakti hins vegar athygli hversu vöxtulegt elrið er innst í skógræktinni, eins og sést á meðfylgjandi mynd frá 2013. Alls fundust lifandi tré af 16

tegundum í úttektaarreitum en 25 tegundir hafa verið gróðursett á svæðinu.

Meðalhæð allra trjáa í úttektinni reyndist vera rúmlega 90 cm. Ösp, lerki og greni voru hærri en meðaltalið, meðalhæð á elri var um 90 cm en aðrar tegundir voru lægri. Aftur er mikill munur á vexti, yst í dalnum og efst í hlíðinni voru trén lægst, en hærri innar í dalnum og neðarlega á svæðinu. Einnig er 7 ára aldursmunur á elstu og yngstu trjánnum sem kom fram í úttektinni.



Efst í hlíðinni hefur verið mest gróðursett af birki og bergfuru. Birkið er að standa sig ágætlega á þessum stöðum, en sérstaklega vakti athygli hvað bergfuran er kröftug við þessar aðstæður, þar sem er lítil jarðvegur og ekkert skjól af landslagi. Þær eru nánast allar lifandi og hafa vaxið með ágætum. Þær eru að vísu ekki háar (um 60 cm meðaltal), en greinamiklar, vel grænar og með gildan stofn.

Bergfuran er því greinilega tegund sem getur gert mikið gang í landgræðsluskógum á þessu svæði.

Alls voru 52% af öllum trjám gallalausar – með einn beinan stofn og líflegt lauf eða barr. Best var grenið, þar sem 76% af þeim trjám voru gallalaus. Aðeins bar á sitkalús, en hún virtist aldrei hafa náð sér á strik. Aspir og reynir voru líka að miklu leyti gallalaus, en aðrar tegundir voru gjarnan margstofna eða með marga vaxtartoppa. Einnig var nokkuð um að næringaskortur hrjáði plöntur á snauðustu svæðunum sérstaklega á holtunum yst í dalnum.

Í framhaldinu hefur verið gerð aðgerðaráætlun þar sem gert er ráð fyrir að bæta í þau svæði þar sem minna en 80% eru lifandi. Einnig þarf að bera á snauðustu svæðin og klippa tvítoppa á timburtrjám framtíðarinnar – greni, öspum og lerki.

### Fræðsla, fundir og ráðstefnur.

**Grunnnámskeið** skógræktar fyrir 12 nýja þátttakendur var haldið í Bjarkalundi 14. maí. Forsvarsmenn jarðanna Kollafjarðarness, Framness, Holtsfitjar og Skriðnafells mættu á námskeiðið.



**Aðalfundur** Félags skógarbænda á Vestfjörðum var haldinn á Hólmavík 28. Júní. Við það tækifæri gafst fundarmönnum færi á að fara í góða skógargöngu um skógrækt á jörðinni Víðidalssá í Steingrímsfirði.



Tvær myndir úr skógargöngum, th. frá Víðidalssá í Steingrímsfirði. tv. Frá Læk í Dýrafirði

Starfsmenn Skjólsskóga sóttu aðalfund **Landsamtaka skógareigenda** (LSE) í Stykkishólmi 2. og 3. október.

Starfsmenn og stjórn Skjólsskóga sóttu **Fagráðstefnu skógræktar** í Borgarnesi dagana 11. og 12. mars. Þema ráðstefnunnar var: Aukin framleiðni skóga á jaðarsvæðum með trjákyrbótum.

Framkvæmdastjórnar landshlutaverkefnanna fóru í þriggja daga kynnisferð til skógarbænda á Álandseyjum til að kynna sér starfsemi félaga skógarbænda þar í landi auk tækni við rekstur smáskóga, úrvinnslu og framleiðslu úr afurðum skóganna. Auk þess var tækifærið notað til að hitta stjórn félags skógarbænda í suður Finnlandi á fundi.

Skjólsskógar stóðu fyrir **sumarferð skógarbænda** um Vesturland dagana 10. til 12. ágúst. Farið var um Skógarströnd á Snæfellsnesi, Mýrar og dali Borgarfjarðar og 11 skógarbændur heimsóttir auk þess sem litið var við hjá Skógrækt ríkisins í Skorradal og Búvélasafninu á Hvanneyri. Hvarvetna fengu gestir frábærar móttökur hjá Vestlendingum. Slegið var upp veislu í hlöðu á Oddstöðum 2 í Lundareykjadal hjá Guðmundi Sigurðssyni og Sigrúnu Kristjánsdóttur.



Svipmyndir úr sumarferð, frá vinstri: Kirkjuból í Hvítársíðu, Rauðsgil í Reykholtssdal, samkoma í gamalli hlöðu á Oddstöðum 2 í Lundareykjadal. Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri kom þar til fundar við okkur og „sló á léttu stengi“



## Fræðflun.

Vegna yfirvofandi skorts á stafafurufraei brugðu Skjólskógar og Vesturlandskkógar ásamt Vesturlands-deild Skógræktar ríkisins á það ráð að safna stafafurukönglum í Skorradal á haustdögum. Ekki gekk vel að safna og könglar fáir og smáir og lofuðu ekki góðri útkomu enda var spírunarhlutfall fræja einungis 45 % og því ljóst að mun meira þarf til ef ekki á að koma til fræskorts.



Ársreikningur Skjólskóga 2015 samt fundargerðum stjórnar eru aðgengilegur á heimasíðu Skjólskóga:  
<http://www.skjolskogar.is>

Þingeyri í apríl 2016

# Skógar á Vestfjörðum

Samkvæmt nýjustu upplýsingum Skógræktar ríkis (Íslensk skógarúttekt 2015)

